

**Ákvörðun Samgöngustofu nr. 2/2017**

**Um niðurfellingu á ákvörðunum Flugmálastjórnar Íslands nr. 12/2007 og 3/2008**

Með ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2008 var kveðið á um gildistöku reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkflugvöll.

Með ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 12/2007 var kveðið á um gildistöku reglna um útgáfu aðgangsheimilda fyrir Keflavíkflugvöll.

Ákvæðum loftferðalaga nr. 60/1998 um flugvernd og reglugerð um flugvernd nr. 750/2016 sem innleiðir Evrópureglur á sviði flugverndar hefur verið breytt að miklu leyti eftir að framangreindar ákvarðanir tóku gildi, þ. á m. reglum um aðgangsstýringu og útgáfu aðgangsheimilda.

Á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um flugvernd nr. 750/2016, sbr. 70. gr. d í loftferðalögum nr. 60/1998 ber rekstraraðila flugvallar að setja reglur um aðgangsstýringu á flugvöllum.

Þar sem umræddar ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands nr. 12/2007 og nr. 3/2008 eru ekki í samræmi við gildandi Evrópureglur um flugvernd eru þær felldar úr gildi.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar og öðlast þegar gildi.

Reykjavík 20. nóvember 2017



**Þórólfur Árnason, forstjóri**